



Reykjanesbær, 1. apríl 2026

716. fundur bæjarstjórnar Reykjanesbæjar haldinn að Grænásbraut 910
7. apríl 2026, kl. 17:00

DAGSKRÁ

1. Fundargerðir bæjarráðs 19. og 26. mars og 1. apríl 2026 (2026010008)
2. Fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs 20. mars 2026 (2026010016)
3. Fundargerð lýðheilsuráðs 17. mars 2026 (2026010011)
4. Fundargerð atvinnu- og hafnarráðs 19. mars 2026 (2026010009)
5. Fundargerð sjálfbærnisráðs 25. mars 2026 (2026010014)
6. Fundargerð menningar- og þjónusturáðs 1. apríl 2026 (2026010012)
7. Breyting á skipan fulltrúa í íþrótt- og tómstundaráði (2024010091)



Fundargerð

1556. fundur bæjarráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Grænásbraut 910 - Seltjörn,
19. mars 2026, kl. 08:15

Viðstaddir:

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir formaður, Díana Hilmarisdóttir, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Margrét A. Sanders og Margrét Þórarinsdóttir.

Að auki sátu fundinn Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri, Helga María Finnbjörnsdóttir áheyrnarfulltrúi og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

* * *

1. Njarðarvellir 2 - Sala á húsnæði (2025040506)

Unnar Steinn Bjarndal bæjarlögmaður mætti á fundinn.

Lagt fram söluýfirlit fasteignarinnar Njarðarvellir 2.

Bæjarráð samþykkir 3-0 að hefja ferli við sölu á Njarðarvöllum 2 og felur Unnari Steini Bjarndal bæjarlögmanni að vinna áfram í málinu. Margrét A. Sanders og Margrét Þórarinsdóttir Sjálfstæðisflokkur sitja hjá.

Bókun Margrétar A. Sanders og Margrétar Þórarinsdóttur:

„Sjálfstæðisflokkurinn er hlynntur því að seldur verður eldri hluti hjúkrunarheimilis Nesvalla. Sjálfstæðisflokkurinn telur skynsamlegt að áður en húsnæðið er sett á sölu verði gert verðmat á húsnæðinu með tilliti til þess leigusamnings sem nú er í gildi, ástands hússins, lán sem hvíla á húsinu og eignaskiptayfirlýsingar áður en húsnæðið er sett á sölu þannig að hægt sé að setja sér raunhæft markmið með það verð sem eðlilegt er að Reykjaneshæjar sætti sig við. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja því hjá.“

Margrét Sanders, Margrét Þórarinsdóttir Sjálfstæðisflokkur

2. Sértek búsetuúrræði fyrir fólk með fötlun (2026020053)

Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs og Ólafur Garðar Rósinkarsson verkefnastjóri í málefnum fatlaðra mættu á fundinn.

Lagt fram minnisblað sem tekið var fyrir á fundi velferðarráðs Reykjaneshæjar 12. mars sl.

Bæjarráð felur Heru Ósk Einarsdóttur sviðsstjóra velferðarsviðs og Ólafi Garðari Rósinkarssyni verkefnastjóra í málefnum fatlaðra að vinna þarfagreiningu, kostnaðaráætlun og framtíðarsýn og leggja fyrir á næsta fundi velferðarráðs líkt og verklagsregla VRL-0044 segir til um.

3. Skammtí mavistun fatlaðra barna (2026030166)

Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs mætti á fundinn.

Lagt fram minnisblað vegna skammtí mavistunar fatlaðra barna.

Bæjarráð felur Heru Ósk Einarsdóttur sviðsstjóra velferðarsviðs og Ólafi Garðari Rósinkarssyni verkefnastjóra í málefnum fatlaðra að vinna aðgerðaáætlun og leggja fyrir fund bæjarráðs 22. apríl nk.

4. Sameining dagdvala (2024050055)

Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Margrét Arnbjörg Valsdóttir teymisstjóri öldrunar- og stuðningsþjónustu og Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri eignaumsýslu mættu á fundinn.

Lagt fram minnisblað vegna sameiningar dagdvala hjá Reykjanesbæ og endurskoðunar leigusamnings. Lagðar fram þrjár tillögur um fjármögnun á kostnaði við innanhússbreytingar sem þarf að fara í vegna sameiningar dagdvalanna.

Bæjarráð samþykkir að leið A og B í sameiningu dagdvala verði rýndar. Deildarstjóra eignaumsýslu Hreini Á. Kristinssyni falið að vinna málið áfram í samvinnu við fjármálastjóra Reykjanesbæjar. Málið verður tekið aftur á dagskrá bæjarráðs.

5. Uppgjör skulda Fasteigna Reykjanesbæjar ehf. og Almennra íbúða hses. við Reykjanesbæ (2025040088)

Regína F. Guðmundsdóttir sviðsstjóri fjármála- og stjórnarsýslusviðs og Pálmar Guðmundsson framkvæmdastjóri Fasteigna Reykjanesbæjar mættu á fundinn.

Lagt fram minnisblað vegna uppgjors á skuldum Fasteigna Reykjanesbæjar ehf. og Almennra íbúða hses. við Reykjanesbæ.

Bæjarráð samþykkir að ganga að uppgjörinu og felur Regínu F. Guðmundsdóttur sviðsstjóra fjármála- og stjórnarsýslusviðs að ganga frá málinu.

6. Kristján Pétur Ásmundsson (Fjölbrautaskóli Suðurnesja) - umsókn um tækifærisleyfi (2026030270)

Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar um tækifærisleyfi. Bæjarráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

7. Ársfundur Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja 27. mars 2026 (2026030263)

Lögð fram tilkynning frá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja um ársfund HSS.

8. Fundargerð svæðisskipulagsnefndar Suðurnesja 12. mars 2026 (2026030004)

Lögð fram til kynningar fundargerð svæðisskipulagsnefndar Suðurnesja.

9. Fundargerð stjórnar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum 11. mars 2026 (2026010317)

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.

10. Fundargerð stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja 19. febrúar 2026 (2026030285)

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja.

11. Umsagnarmál frá nefndasviði Alþingis (2026010648)

- Frumvarp til sveitarstjórnarlaga, 505. mál
<https://www.althingi.is/altext/157/s/0847.html>

Umsagnarmál lagt fram.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:15.



Fundargerð

1557. fundur bæjarráðs Reykjanesbæjar, fjarfundur,
26. mars 2026, kl. 08:15

Viðstaddir:

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir formaður, Díana Hilmarsdóttir, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Margrét A. Sanders og Margrét Þórarinsdóttir.

Að auki sátu fundinn Birgir Már Bragason áheyrnarfulltrúi og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

Helga María Finnbjörnsdóttir boðaði forföll, Birgir Már Bragason sat fyrir hana.

Bæjarráð samþykkir 5-0 að taka á dagskrá Inga Hrönn Kristjánsdóttir - umsókn um tækifærisleyfi (2026030464). Fjallað er um málið undirdagskrárlíð 6.

Vegna tilmæla frá Almannavörnum að vera ekki á ferðinni að ónauðsynjalausu vegna óveðurs var fundurinn haldinn á Teams.

* * *

1. Umferðaröryggi 2026-2030 (2026020367)

Margrét Lilja Margeirsdóttir deildarstjóri umhverfismála mætti á fundinn.

Lögð fram aðgerðaáætlun umferðaröryggis þar sem greint er og forgangsraðað útbótum á lýsingu við umferðamannvirki í Reykjanesbæ.

Bæjarráð samþykkir að fela Margréti Lilju Margeirsdóttur deildarstjóra umhverfismála að hefja framkvæmd aðgerðaráætlunar vegna árs 1 (2026) og einnig að framkvæmd aðgerðaráætlunar ár 2 (2027) verði flýtt og framkvæmd á árinu 2026 þar sem áætluðum framkvæmdakostnaði að fjárhæð 8.049.484,- verði mætt með gatnagerðargjöldum sem tekjufærð eru á deild 10300 Viðhald og rekstur gatnakerfis.

2. Landsbyggðastrætó - breytingar á leiðakerfi (2025090386)

Margrét Lilja Margeirsdóttir deildarstjóri umhverfismála mætti á fundinn og fór yfir stöðuna.

Bæjarráð felur Guðlaugi H. Sigurjónssyni sviðsstjóra umhverfis- og framkvæmdasviðs og Margréti Lilju Margeirsdóttur deildarstjóra umhverfismála að fara í frekari viðræður við Vegagerðina varðandi framhald á leið 55.

3. Fundargerðir stjórnar Reykjanes jarðvangs 19. janúar og 16. mars 2026 (2026010487)

Lagðar fram til kynningar fundargerðir stjórnar Reykjanes jarðvangs.

4. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 10. mars 2026 (2026010670)

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

5. Umsagnarmál frá nefndasviði Alþingis (2026010648)

- Frumvarp til laga um lagareldi, 529. mál
<https://www.althingi.is/altext/157/s/0898.html>
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði, lögum um fiskrækt og lögum um Fiskræktarsjóð (bætt lagaumgjörð), 530. mál
<https://www.althingi.is/altext/157/s/0899.html>

Umsagnarmál lögð fram.

6. Inga Hrönn Kristjánsdóttir - umsókn um tækifærisleyfi (2026030464)

Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar um tækifærisleyfi. Bæjarráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:20



Fundargerð

1558. fundur bæjarráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Grænásbraut 910 - Seltjörn,
1. apríl 2026, kl. 08:15

Viðstaddir:

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir formaður, Díana Hilmarsdóttir, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Margrét A. Sanders og Margrét Þórarinsdóttir.

Að auki sátu fundinn Birgir Már Bragason áheyrnarfulltrúi og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

Helga María Finnbjörnsdóttir boðaði forföll, Birgir Már Bragason sat fyrir hana.

* * *

1. Frumkvæðisathugun á málavinnslu barnaverndarþjónustu Reykjaneshæjar við vistun barna utan heimilis (2026030114)

Lögð var fram skýrsla Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála, unnin á grundvelli laga nr. 88/2021 um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála og laga nr. 80/2002 um barnavernd. Kjörnir oddvitar funduðu með Heru Ósk Einarsdóttur sviðsstjóra velferðarsviðs, mánudaginn 30. mars 2026, þar sem efni skýrslunnar var kynnt og farið yfir niðurstöður hennar.

Þegar hefur verið skipað úrbótateymi og vinna hafin við gerð úrbótaáætlunar sem bæjarráð leggur mikla áherslu á að verði unnin með markvissum hætti. Úrbótaáætlun skal lögð fyrir Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála eigi síðar en 29. apríl 2026. Stefnt er að því að innleiðingu úrbóta verði lokið fyrir árslok 2026. Bæjarráð og velferðarráð skulu upplýst reglubundið um framvindu málsins, í samræmi við góða stjórnsluhætti.

2. Reykjaneshæ (Fjörheimar) - umsókn um tækifærisleyfi (2026030459)

Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar um tækifærisleyfi. Bæjarráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

3. Lilja Karen Steinþórsdóttir (Hótel Keflavík) - umsókn um tækifærisleyfi (2026030287)

Lagt fram erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar um tækifærisleyfi.

Bæjarráð óskar eftir frekari upplýsingum er varðar vígslu Vatnsnesshússins áður en lengra er haldið þar sem Reykjaneshæ er meirihluti eigandi hússins. Bæjarráð felur Halldóru Guðrúnu Jónsdóttur sviðsstjóra menningar- og þjónustusviðs að vinna áfram í málinu.

4. Stefna um opinbera þjónustu (2026030498)

Lögð fram Stefna um opinbera þjónustu frá stjórnarráði Íslands.

5. Ársskýrsla Brunavarna Suðurnesja 2025 (2026030502)

Lögð fram til kynningar ársskýrsla Brunavarna Suðurnesja 2025

6. Erindisbréf Brunavarna Suðurnesja (2026030540)

Erindisbréf stjórnar Brunavarnar Suðurnesja bs. lagt fram til kynningar.

7. Fundargerð stjórnar eignasjóðs Reykjanesbæjar 26. mars 2026 (2026010015)

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Eignasjóðs Reykjanesbæjar.

Tekið til sérstakrar samþykktar:

Annað mál fundargerðarinnar - Myllubakkaskóli – stækkun á íþróttamannvirki (2021050174). Bæjarráð samþykkir 5-0 framlagða tillögu um stækkun sem felur ekki í sér kostnaðaraukningu við heildarverkefnið.

Fimmta mál fundargerðarinnar - Klapparstígur 7 (2026030442). Bæjarráð samþykkir 5-0 að framlengja afnotasamningi af Klapparstíg 7 til eins árs með lokadagsetningu þann 31. október 2027. Auk þess felur bæjarráð deildarstjóra eignaumsýslu að kostnaðarmeta þær framkvæmdir sem óskað er eftir að ráðast í.

8. Fundargerðir neyðarstjórnar 25. og 26. mars 2026 (2026030486)

Lagðar fram til kynningar fundargerðir neyðarstjórnar Reykjanesbæjar.

9. Fundargerð stjórnar Brunavarna Suðurnesja 19. mars 2026 (2026010077)

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Brunavarna Suðurnesja.

10. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 20. mars 2026 (2026010670)

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

11. Fundargerð stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga 28. janúar 2026 (2026020369)

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga.

12. Fundargerð heilbrigðisnefndar Suðurnesja 25. mars 2026 (2026020138)

Lögð fram til kynningar fundargerð heilbrigðisnefndar Suðurnesja.

13. Umsagnarmál frá nefndasviði Alþingis (2026010648)

- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011 (vindorka og verndarflokkur), 565. mál <https://www.althingi.is/altext/157/s/0955.html>
- Frumvarp til laga um Stofnun atvinnuveganna, 568. mál <https://www.althingi.is/altext/157/s/0964.html>
- Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar regluverks og aukinnar skilvirkni eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum (einföldun eftirlits), 582. mál <https://www.althingi.is/altext/157/s/0984.html>

Umsagnarmál lögð fram.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:58



Fundargerð

385. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Grænásbraut 910
20. mars 2026, kl. 08:15

Viðstaddir: Róbert Jóhann Guðmundsson formaður, Eysteinn Eyjólfsson, Guðbergur Reynisson, Gunnar Felix Rúnarsson og Helga María Finnbjörnsdóttir.

Að auki sátu fundinn Gunnar Kristinn Ottósson skipulagsfulltrúi, Anna Þóra Gísladóttir verkefnastjóri byggingafræðingur og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

* * *

1. Narfakotstún - kynning (2026030319)

JeES arkitektar leggja fram drög að deiliskipulagi fyrir Narfakotstún fyrir hönd landeigenda til umræðu í umhverfis- og skipulagsráði.

Lagt fram.

2. Grenndargámar við Elliðavelli (2025050211)

Anna Karen Sigurjónsdóttir sjálfbærni- og skipulagsfulltrúi mætti á fundinn.

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkti á fundi þann 6. febrúar 2026 að senda í grenndarkynningu tillögu að grenndarstöð við Elliðavelli-Bjarnaróló, grenndarkynningu er lokið. Athugasemdir bárust sem að megininntaki fjalla um aukna umferð sem skapi hættu fyrir börn að leik, einnig að sóðaskapur gæti fylgt grenndarstöðinni, sem gæti haft neikvæð áhrif á fasteignaverð nærliggjandi eigna. <https://skipulagsgatt.is/issues/2026/193>.

Umhverfis- og skipulagsráð tekur undir athugasemdir íbúa og felur starfsmönnum umhverfis- og framkvæmdasviðs að finna hentugri staðsetningu fyrir grenndarstöð á eða nálægt viðkomandi svæði.

3. Hafnargata 56 (2025100183)

JeES arkitektar leggja fram tillögu að breytingu á deiliskipulagi f.h. bgb ferðapjónustu ehf. sbr. uppdrætti dags. 9. október 2025. Lagt er til að bílastæðum í bílageymslu verði fjölgað um þrjú bílastæði og íbúðum um þrjár, úr 15 íbúðum í 18 íbúðir. Stækkun hússins verður með nýrri rishæð, á tveimur einingum af fimm, í samræmi við nærliggjandi mannvirki og komandi skipulag, þannig að samtenging við umhverfið verði sterkari. Að öðru leyti helst skipulagið óbreytt. Erindið var grenndarkynnt og athugasemdir barst varðandi bílastæðahlutfall. Afgreiðslu tillögunnar var frestað á 382. fundi umhverfis- og skipulagsráðs, skoða þurfti skilmála deiliskipulags betur en þeir liggja nú fyrir. <https://skipulagsgatt.is/issues/2025/1669>

Deiliskipulag reitsins gerir almennt ráð fyrir 1,4 stæðum á íbúð, nema við þann hluta sem snýr að Hafnargötu, þar er gert ráð fyrir einu stæði á íbúð í samræmi við ákvæði aðalskipulags fyrir svæði M2. Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir erindið.

4. Svæðisskipulag Suðurnesja (2019070283)

Á 53. fundi Svæðisskipulagsnefndar Suðurnesja var Svæðisskipulag Suðurnesja 2024–2040, sem samanstendur af skipulagsgreinargerð, umhverfismatsskýrslu og vatnsverndaruppdrætti, samþykkt í samræmi við 1. mgr. 25. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samantekt á viðbrögðum við umsögnum liggur einnig fyrir og óskar nefndin nú eftir samþykki sveitarstjórnar á afgreiðslu málsins. <https://skipulagsgatt.is/issues/2024/1374>

Tekið hefur verið tillit til athugasemda. Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir Svæðisskipulag Suðurnesja 2024–2040.

5. Fjölbrautaskóli Suðurnesja - breytt deiliskipulag (2019090479)

JeES arkitektar leggja fram tillögu að breytingu á deiliskipulagi f.h. Framkvæmdasýslu ríkisins, vegna stækkunar Fjölbrautaskólans á Suðurnesjum með nýbyggingu sem er 2 hæðir og kjallari, allt að 4860 m². Lóðamörkum Sunnubrautar 32 og 36 er einnig breytt skv. uppdrætti dags. 28. nóvember 2025. Deiliskipulagstillaga var auglýst en breytt í veigamiklum atriðum að auglýsingatíma liðnum. Auglýsingu tillögu að breytingu á deiliskipulagi er lokið.

<https://skipulagsgatt.is/issues/2026/80>

Ekki er ástæða til viðbragða sveitarstjórnar við umsögnum. Uppbrot verði óbreytt. Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir að senda erindið til Skipulagsstofnunar til endanlegrar afgreiðslu.

6. Suðurbrautarreitir Ásbrú - deiliskipulag (2023030660)

A2F arkitektar leggja fram tillögu deiliskipulags f.h. Stofnhúsa, fyrir Suðurbrautarreit sem er 3,3 ha og kenndur við Suðurbraut 765. Á þessum reit er gert ráð fyrir fjölbýlishúsum á 3-5 hæðum með allt að 270 íbúðum af fjölbreyttri gerð. Sérstakir byggingarreitir eru ætlaðir sérstakri notkun annarri en fyrir íbúðir, t.d. samkomuhús, garðskála o.fl. Óskað er heimildar til að auglýsa deiliskipulagstillöguna skv. 1. mgr. 41. gr skipulagslaga.

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir að deiliskipulagstillagan verði auglýst.

7. Akademiureitur - breyting á aðalskipulagi (2025010481)

Lögð er fram skipulagslýsing og vinnslutillaga að breytingu á aðalskipulagi fyrir reit M3. Breytingin felst í að íbúðum er fjölgað úr 100 í 220 og byggingarmagn fer úr 50.300 m² í 62.400 m². Ástæða breytinganna er fyrirhuguð þróun á svokölluðum Akademiureit.

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir 3-0 auglýsingu skipulagslýsingar og vinnslutillögu að breytingu á aðalskipulagi fyrir reit M3.

Guðbergur Reynisson og Gunnar Felix Rúnarsson sátu hjá við afgreiðslu málsins

8. Klappirnar Hrauntúni - tillaga að friðun (2026030211)

Klappirnar við Hrauntún er óraskað svæði í gömlu hverfi í Keflavík. Klappirnar eru að hluta grónar en jökulrásir eru vel sjáanlegar og eru nokkuð einstök náttúruvætti á svæðinu. Lagt er til að aðalskipulagi verði breytt og hverfisvernd sem er yfir Kirkjugarði Keflavíkur sé teygð til suðurs, íbúðasvæðið minnkað sem þessum reit nemur og hann skilgreindur sem opið svæði með hverfisvernd.

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir að unnin verði tillaga til breytingar á aðalskipulagi.

9. Réttarvegur í Höfnum - tímabundin afnot af landi (2026030192)

Sveinn Enok Jóhannsson óskar eftir heimild til að hafa tímabundin afnot af bæjarlandi við Réttarveg í Höfnum til að koma fyrir vinnuaðstöðu fyrir námskeiðahald, nánar tiltekið litlum kaffiskúr og salernisaðstöðu fyrir þátttakendur. Óskað er eftir að heimildin gildi í þrjú ár, á meðan uppbygging verkefnisins Fornverk í Höfnum stendur yfir sbr. erindi dags 10. mars 2026.

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir erindið með fyrirvara um nágrannasamþykki eigenda fasteignar við Réttarveg 2.

10. Stakksbraut 9 - gistiheimild (2026030226)

RI Helguvík óskar heimildar fyrir tímabundna gistingu í starfsmannabúðum að Stakksbraut 9 frá miðjum maí til loka október 2026 með erindi dags 12. mars 2026.

Gisting á iðnaðarsvæðum er óheimil. Umhverfis- og skipulagsráð hafnar erindinu.

11. Stapabraut 15 - útboðsskilmálar (2026030317)

Óskað er eftir að byggingarréttur á lóðinni Stapabraut 15 verði auglýstur, skv. 6. gr. reglna um lóðaveitingar í Reykjanesbæ. Lagðir eru fram skilmálar vegna útboðs. Jafnframt er óskað heimildar til að leggja fram tillögu að breytingu á deiliskipulagi Tjarnarhverfis, 1. hluta, fyrir umræddan reit.

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir að auglýsa lóðina í samræmi við framlagða skilmála og jafnframt er veitt heimild til að leggja fram tillögu að breytingu á deiliskipulagi Tjarnarhverfis, 1. hluta, fyrir umræddan reit.

12. Samstarf um hringrásariðngarð – erindisbréf (2023100396)

Á 1554. fundi bæjarráðs þann 5. mars 2026 var tekið fyrir erindisbréf um skipun í faghóp sem hefur það hlutverk að vera ráðgefandi um lóðaúthlutanir í takt við markmið hringrásariðngarðs. Bæjarráð vísaði málinu til frekari umræðu í umhverfis- og skipulagsráði og atvinnu- og hafnarráði.

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir að tilnefna formann ráðsins og fulltrúa minnihluta í samstarfshópinn.

13. Njarðarbraut milli Norður- og Suður-Fitja - deiliskipulag (2025110452)

Lögð er fram áætlun Eflu verkfræðistofu um feril deiliskipulags Njarðarbrautar milli Norður- og Suður-Fitja. Gert er ráð fyrir að tillaga að deiliskipulagi verði auglýst í lok apríl.

Lagt fram til kynningar. Tillögur verða lagðar fram á næsta fundi ráðsins.

14. Fundargerð skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar 4. mars 2026 (2026020008)

Fundargerð 141. fundar skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar lögð fram.

15. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa nr. 397 (2026010307)

Fundargerð 397. afgreiðslufundar byggingarfulltrúa lögð fram.

16. Fundargerð svæðisskipulagsnefndar Suðurnesja 12. mars 2026 (2026030004)

Fundargerð 57. fundar svæðisskipulagsnefndar Suðurnesja lögð fram.

17. Brekadalur 4 - umsókn um lóð (2026030286)

Hreinn Á. Kristinsson sækir um lóðina Brekadal 4.

Lóðarumsókn samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:15.



Fundargerð

66. fundur Lýðheilsuráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Hafnargötu 88
17. mars 2026, kl. 14:00

Viðstödd: Bjarney Rut Jensdóttir formaður, Anna Lydía Helgadóttir, Karítas Lára Rafnkelsdóttir, Jóhanna Björk Sigurbjörnsdóttir og Magnús Einþór Áskelsson.

Að auki sátu fundinn: Hafþór Barði Birgisson, íþróttá- og tómstundafulltrúi, Guðdís Malín Magnúsdóttir fulltrúi ungmennaráðs og Erna María Svavarsdóttir ritari.

* * *

1. Tómsundamiðstöð - kynning (2026030173)

Gunnhildur Gunnarsdóttir, Þórunn Friðriksdóttir og Ólafur Bergur Ólafsson kynntu starfsemi Tómsundamiðstöðvarinnar og þau verkefni sem undir hana heyrja.

Lýðheilsuráð vekur athygli á aukinni þörf fyrir þjónustu við ungmenni í sveitarfélaginu. Eftirspurn eftir sumarstörfum fyrir 17 ára ungmenni er veruleg og upplýsingar benda til þess að fyrirtæki á svæðinu hafi í auknum mæli sett 18 ára aldurstakmark. Þá er atvinnuleysi hærra hér en í öðrum sveitarfélögum.

Aðsókn í félagsmiðstöðvar hefur einnig aukist verulega, en mæting hefur aukist um 44% á síðastliðnum mánuði. Ljóst er að þörf er á frekari stöðugildum starfsfólks innan félagsmiðstöðvanna til að mæta þessari þróun.

Jafnframt hafa komið fram áhyggjur af hópi ungmenna, 16 ára og eldri, sem skortir viðeigandi úrræði. Ráðið hvetur til þess að sérstaklega verði skoðaður möguleiki á að hefja markvissa vinnu með þessum hópi, með það að markmiði að auka stuðning, þátttöku og velferð þeirra.

Fyrir liggur mögulegur kostnaðarútreikningur vegna slíkra úrræða sem getur nýst við frekari ákvarðanatöku og útfærslu verkefnisins.

2. Fundargerð Samtakahópsins 11. febrúar 2026 (2025020056)

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. Hinsegin opnun Fjörheima (2026030172)

Lýðheilsuráð fagnar því að Fjörheimar séu með opnanir fyrir hinsegin ungmenni og minnir á samning sveitarfélagsins við Samtökin 78 þar sem hægt er að bjóða upp á fræðslu um hinsegin málefni ungs fólks.

4. Farsæld barna - kynning (2023050248)

Eydís Rós Ármannsdóttir, verkefnastjóri skrifstofu velferðarsviðs, kynnti aðgerðaáætlun í innleiðingu farsældar barna í Reykjanesbæ árið 2026.

Lýðheilsuráð þakkar fyrir greinargóða kynningu á núverandi stöðu og aðgerðaráætlun um farsæld barna í sveitarfélaginu.

5. Mottumars 2026 - viðburður Lýðheilsuráðs 24. mars 2026 (2026020181)

Lýðheilsuráð minnir á mottumars. Í tilefni af Mottumars, árlegu árvekni- og fjáröflunarátaki Krabbameinsfélagsins um krabbamein hjá körlum mun ráðið standa fyrir viðburði í samstarfi við Krabbameinsfélag Suðurnesja líkt og undanfarin ár. Viðburðurinn verður haldinn 24. mars n.k. í Vatnaveröld, íbúum er boðið frítt í sund og frá kl. 17:00 til 19:00 verður skemmtileg dagskrá fyrir alla fjölskylduna þar sem lögð er áhersla á heilsu, samveru og stuðning.

Dagskrá:

- 17:00–19:00 DJ Tósi Ljósár sér um tónlistina
- 17:15 Upphitun fyrir 5 km hlaup
- 17:30 5 km hlaup Krabbameinsfélagsins
- 18:00 Krakkahlaup
- Lýðheilsuráð bakar vöflur til styrktar Mottumars

Einkennisorð Mottumars í ár er „Enginn einn“. Með því er minnt á að enginn eigi að þurfa að takast á við krabbamein einn síns liðs og að samfélagið allt standi saman.

Ráðið hvetur íbúa Reykjanesbæjar til að koma með okkur í sund, hugsa um heilsuna og styðja þannig við átak Krabbameinsfélagsins.

6. Sumar í Reykjanesbæ 2026 (2025080282)

Hafþór Birgisson íþrótt- og tómstundafulltrúi sagði frá vinnu við fristundir.is en nú stendur yfir vinna við að taka niður af vefnum þau íþrótt- og tómstundatilboð sem hafa verið auglýst í vetur og hafin er vinna við að safna auglýsingum um það sem verður í boði fyrir börn, ungmenni og fullorðna sumarið 2026.

Hægt er að senda inn auglýsingar um íþrótt- og tómstundatilboð á netfangið sumar@reykjanesbaer.is fyrir 22. apríl n.k.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:30.



Fundargerð

306. fundur atvinnu- og hafnarráðs Reykjaneshafnar haldinn á skrifstofu Reykjaneshafnar að Víkurbraut 11, fimmtudaginn 19. mars 2026, kl. 16:00

Viðstaddir: Hjörtur Magnús Guðbjartsson formaður, Alexander Ragnarsson, Kristján Jóhannsson, Sigurður Guðjónsson og Jón Már Sverrisson.

Að auki sat fundinn Halldór Karl Hermannsson, sviðsstjóri atvinnu- og hafnarsviðs.

* * *

1. Ársreikningur Reykjaneshafnar 2025 (2026010368)

Á fundinn mætti Ágúst Kristinsson endurskoðandi frá PricewaterhouseCoopers ehf., endurskoðunarfyrtæki Reykjaneshafnar. Ársreikningur Reykjaneshafnar vegna starfsársins 2025 var lagður fram ásamt endurskoðunarskýrslu endurskoðenda. Helstu niðurstöður rekstrarreiknings eru eftirfarandi:

Rekstrartekjur.....	kr.	465.153.510.-
Rekstrargjöld.....	kr.	283.139.719.-
Hagnaður fyrir afskriftir og vexti.....	kr.	182.013.791.-
Afskriftir mannvirkja og annarra eigna....	kr.	-44.583.430.-
Fjármagnsliðir.....	kr.	-48.589.077.-
Rekstrarhagnaður ársins.....	kr.	88.841.284.-

Atvinnu- og hafnarráð samþykkir ársreikning Reykjaneshafnar og vísar honum til samþykktar á fundi bæjarstjórnar Reykjaneshafnar.

2. Atvinnu- og hafnarsvið – ársskýrsla 2025 (2025060044)

Ársskýrsla atvinnu- og hafnarsviðs vegna ársins 2025 lögð fram.

3. Njarðvíkurhöfn – brimvarnargarður (2023080391)

Lagðar fram verkfundargerðir 3. og 4. funda frá 25. febrúar og 16. mars 2026 ásamt verkstöðuyfirlitum.

4. Njarðvíkurhöfn - skipulag (2025110300)

Farið yfir stöðu mála við vinnslu á aðal- og deiliskipulagi í og upp af Njarðvíkurhöfn. Einnig var farið yfir þá þróun sem þarf að eiga sér stað á svæðinu í uppbyggingar- og skipulagsmálum svo framtíðarsýn Reykjaneshafnar til næstu tíu ára á svæðinu gangi eftir.

Atvinnu- og hafnarráð beinir því til umhverfis- og skipulagsráðs Reykjaneshafnar að horft verði til hugmynda Reykjaneshafnar varðandi landfyllingu sunnan við nýjan brimvarnargarð við Njarðvíkurhöfn við næstu endurskoðun á aðalskipulagi Reykjaneshafnar, samanber

framfærissýn Reykjaneshafnar til ársins 2035. Atvinnu- og hafnarráð felur Halldóri K. Hermannssyni, sviðsstjóra atvinnu- og hafnarsviðs, að koma þessari ósk á framfæri ásamt viðeigandi gögnum.

5. Helguvíkurhöfn - Suðurbakki (2024040273)

Farið yfir stöðu mála vegna uppbyggingar á Suðurbakka Helguvíkurhafnar.

6. Samstarfsnefnd atvinnu- og hafnarráðs og umhverfis- og skipulagsráðs (2026020457)

Fundargerð 26. fundar samráðsnefndar um þróun hafnarsvæða frá 19. mars 2026 lögð fram.

7. Aðalfundur Cruise Iceland 2026 (2026030293)

Aðalfundur Cruise Iceland fór fram fimmtudaginn 12. mars sl. og sótti Halldór K. Hermannsson, sviðsstjóri atvinnu- og hafnarsviðs, fundinn fyrir hönd Reykjaneshafnar. Fór hann yfir það sem fram kom á fundinum.

8. Skemmtiferðaskip (2026020459)

Lagt fram minnisblað AECO, Association of Arctic Expedition Cruise Operators, er varðar virðisaukaskatt og skemmtiferðaskip. Einnig farið yfir markaðssetningu Keflavíkurhafnar fyrir smærri skemmtiferðaskip.

9. Hafnasamband Íslands - fundargerð stjórnar 16. febrúar 2026 (2026020458)

Fundargerð 480. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands frá 16. febrúar 2026 lögð fram.

10. Straumlind - ársskýrsla (2026030294)

Lögð fram ársskýrsla viðskipavinar frá Straumlind ehf. vegna raforkukaupa Reykjaneshafnar 2025.

11. Samstarf um hringrásariðngarð (2023100396)

Á 304. fundi sínum þann 22. janúar sl. samþykkti atvinnu- og hafnarráð f.h. Reykjaneshafnar að taka þátt í samstarfi með Reykjanesbæ, Suðurnesjabæ og KADECO um uppbyggingu hringrásariðngarðs við Helguvíkurhöfn og tilnefndi þar tvo fulltrúa. Fyrir liggur ósk um að tilnefndur verði þriðji fulltrúinn frá Reykjaneshöfn.

Atvinnu- og hafnarráð samþykkir að tilnefna Alexander Ragnarsson sem þriðja fulltrúa Reykjaneshafnar í samstarfshópinn.

12. Atvinnurammi Suðurnesja 2026-2030 (2026010374)

Tölvupóstur dags. 13. mars 2026, frá Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, þar sem óskað er umsagnar um drög að Atvinnuramma Suðurnesja 2026-2030 þar sem leitast er við að ná heildarsýn á atvinnuuppbyggingu á Suðurnesjum út frá áherslum sveitarfélaganna á Suðurnesjum, KADECO og annarra hagaðila.

Atvinnu- og hafnarráð lýsir ánægju sinni með viðkomandi drög og telur þær áherslur sem þar koma fram varðandi árangursmælingar og mælaborð af hinu góða við mat á þróun atvinnuuppbyggingar á Suðurnesjum.

13. Strandsiglingar í alfaraleið (2026030295)

Lögð fram skýrslan *Strandsiglingar í alfaraleið – hvað þarf til?*. Í skýrslunni eru lagðar fram sjö tillögur um aðgerðir stjórnvalda sem væru til þess fallnar að styrkja forsendur fyrir strandsiglingum og vöruflutningum á sjó.

14. Umsagnarmál í skipulagsgátt (2026030296)

Tölvupóstur, dags. 12. mars 2026, þar sem óskað er umsagnar um mál nr. 0118/2026 í skipulagsgátt; Helguvíkurhöfn – breyting á deiliskipulagi.

Atvinnu- og hafnarráð gerir ekki athugasemdir við viðkomandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Helguvíkur.

15. Upplýsingagjöf sviðsstjóra (2026010379)

Halldór K. Hermannsson, sviðsstjóri atvinnu- og hafnarsviðs, fór yfir stöðu ýmissa mála er varða starfsemi sviðsins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:15.



Fundargerð

69. fundur sjálfbærnisráðs Reykjanesbæjar, haldinn að Grænásbraut 910
25. mars 2026, kl. 08:15

Viðstaddir: Guðný Birna Guðmundsdóttir formaður, Athena Júlía Józefudóttir, Bjarni Halldór Heiðuson og Þórunn Kristín Jónsdóttir.

Að auki sátu fundinn Bryndís Ólína Skúladóttir fulltrúi ungmennaráðs, Anna Karen Sigurjónsdóttir sjálfbærnisfulltrúi, Margrét Lilja Margeirsdóttir deildarstjóri umhverfismála og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

Hjörtur Magnús Guðbjartsson boðaði forföll og sat Bjarni Halldór Heiðuson fundinn í hans stað.

Guðni Ívar Guðmundsson boðaði forföll.

* * *

1. Sveitarstjórnarkosningar í Reykjanesbæ 2026 (2026010121)

Kristján Ásmundsson, skólameistari Fjölbrautaskóla Suðurnesja, Hrefna Gunnarsdóttir persónuverndarfulltrúi og Krístrún Björgvinsdóttir markaðs- og kynningarfulltrúi mættu á fundinn. Ólafur Bergur Ólafsson verkefnastjóri Fjörheima kom inn á fundinn í gegnum fjarfundabúnað. Rætt var um þátttöku Fjölbrautaskóla Suðurnesja í aðdraganda kosninga, kosningamál hjá Reykjanesbæ og markaðs- og kynningarmál tengd kosningum.

Skólameistari tók vel í þá hugmynd að halda skuggakosningar tengdar sveitarstjórnarkosningum í fyrsta sinn í Fjölbrautaskóla Suðurnesja og er stefnt að því að þær verði haldnar í lýðræðisvikunni 22.-29. apríl næstkomandi.

2. Lýðræðisleg þátttaka innflytjenda (2023030124)

Eydís Rós Ármannsdóttir verkefnastjóri fjölmenningar mætti á fundinn og fór yfir stöðu verkefnisins, en fyrsta vinnustofan fór fram 19. mars síðastliðinn og var góð þátttaka í henni.

Sjálfbærnisráð fagnar áhuga á vinnustofunni tengdum aukinni kosningaþátttöku íbúa af erlendum uppruna.

3. Hátækniþrenslustöð (2026010544)

Guðný Birna Guðmundsdóttir formaður sjálfbærnisráðs fór yfir hugmyndir að samantekt um málið.

4. Grenndarstöðvar í Reykjanesbæ (2024040512)

Anna Karen Sigurjónsdóttir sjálfbærnisfulltrúi gerði grein fyrir stöðu málsins.

5. Samræmd flokkun starfsstöðva Reykjanesbæjar (2023110097)

Anna Karen Sigurjónsdóttir sjálfbærnifulltrúi fór yfir stöðu málsins.

Samræma þarf innkaup á sörpílátum fyrir starfsstöðvar Reykjanesbæjar. Sjálfbærniráð vísar málinu til skoðunar hjá bæjarráði.

6. Sjálfbærni Reykjanesbæjar (2021010385)

Málinu frestað til næsta fundar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:05.



Fundargerð

74. fundur menningar- og þjónusturáðs Reykjanesbæjar, haldinn að Grænásbraut 910
1. apríl 2026, kl. 10:00

Viðstaddir: Trausti Arngrímsson formaður, Hámundur Örn Helgason, Gígja Sigríður Guðjónsdóttir, Gunnar Jón Ólafsson og Aðalheiður Hilmarsdóttir.

Að auki sátu fundinn Halldóra Guðrún Jónsdóttir sviðsstjóri menningar- og þjónustusviðs, Guðlaug M. Lewis menningarfulltrúi og Erna María Svavarsdóttir ritari.

Elfa Hrund Guttormsdóttir boðaði forföll og sat Hámundur Örn Helgason fundinn í hennar stað.

Menningar- og þjónusturáð samþykkir 5-0 að taka á dagskrá **Leikfélag Keflavíkur (2026040012)**. Fjallað er um málið undir dagskrárlið 9.

* * *

1. Leikfélag Keflavíkur - endurskoðun rekstrarsamnings (2026030454)

Guðný Kristjánsdóttir, forsvarismaður Leikfélags Keflavíkur og Brynja Ýr Júlíusdóttir gjaldkeri leikfélagsins mættu á fundinn og ræddu við menningar- og þjónusturáð um endurskoðun rekstrarsamnings sem Leikfélag Keflavíkur gerði við Reykjanesbæ árið 2020 og varðar rekstur Vesturbrautar 17 sem leik- og menningarhús. Samningurinn rann út í árslok 2025.

2. Farsæld barna - aðgerðaáætlun 2026 (2023050248)

Eydís Rós Ármansdóttir, verkefnastjóri skrifstofu velferðarsviðs, kynnti aðgerðaáætlun í innleiðingu farsældar barna í Reykjanesbæ árið 2026.

Menningar- og þjónusturáð þakkar fyrir greinargóða kynningu á núverandi stöðu og aðgerðaáætlun um farsæld barna í sveitarfélaginu.

3. Listamaður Reykjanesbæjar - tilnefningar (2026020506)

Farið var yfir tilnefningar til listamanns Reykjanesbæjar, með tilliti til nýrra reglna um nafnbótina Listamaður Reykjanesbæjar.

Menningar- og þjónusturáð vísar málinu til bæjarráðs ásamt umsögn sinni. Nafn listamannsins verður tilkynnt við hátíðardagskrá á 17. júní n.k.

4. 17. júní 2026 - ræðumaður og fánahyllir (2026030451)

Menningar- og þjónusturáði er falið að koma með tillögur á næsta fundi að ræðumanni dagsins og fánahylli fyrir hátíðardagskrá 17. júní.

5. BAUN barna- og ungmennahátíð 2026 - dagskrá (2026020470)

Drög að dagskrá BAUNar, barna- og ungmennahátíðar 30. apríl til 10. maí 2026 lögð fram.

6. Gjöf til safneignar - verk eftir Leif Ými Eyjólfsson (2026030461)

Leifur Ýmir Eyjólfsson ánafnar Listasafni Reykjanesbæjar sjö mynda seríu sem listamaðurinn skapaði fyrir sýninguna Fimmföld sýn sem safnið stóð fyrir árið 2019.

Menningar- og þjónusturáð þakkar fyrir gjöfina og tekur undir með Listasafni Reykjanesbæjar sem lýsir tilhlökkun yfir að setja verk hans í samhengi við safneign safnsins.

7. Fornverk í Höfnum - grjóthleðslunámskeið (2026030455)

Í tengslum við námskeiðaröðina Fornverk í Höfnum verður haldin vinnustofa í listsköpun úr náttúrugrjóti undir leiðsögn bandaríska steinlistamannsins Dan Snow. Óskað er eftir leyfi til að reisa náttúruverk á landi Reykjanesbæjar.

Menningar- og þjónusturáð gerir ekki athugasemd við erindið og vísar því til umhverfis- og skipulagsráðs til frekari umræðu.

8. Mælaborð menningar- og þjónustusviðs 2025 (2025060044)

Mælaborð menningar- og þjónustusviðs fyrir árið 2025 lögð fram til kynningar.

9. Leikfélag Keflavíkur (2026040012)

Menningar- og þjónusturáð óskar Leikfélagi Keflavíkur til hamingju með metnaðarfulla uppfærslu á We will rock you sem sýnd hefur verið fyrir fullu húsi í Frumleikhúsinu síðastliðnar vikur.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:39.